

## 12. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

12. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 18. febrúar 2025 kl. 9:15 í fundarherbergi Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26, Reykjavík.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri og Guðmundur Þór Guðmundsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn

2. Ný heimasíða – staða mála

a. Dagskrárliðnum var frestað til næsta fundar.

3. Rekstraryfirlit

Framkvæmdastjóri birti rekstraryfirlit fyrir 2024 og helstu samandregnar tölur. Rekstarniðurstöður eru þær að skilað er rekstrarafgangi af reglulegri starfsemi að fjárhæð kr. 160 millj. kr. Skýrð voru frávík einstakra liða.

4. Málefni fyrir Kirkjuping

Framkvæmdastjóri fór yfir þau mál sem leggja þarf fyrir seinni þinglotu kirkjupings sem hefst þann 14. mars nk.

a. Holt í Önundarfirði

Húsið er í útleigu á almennum markaði og nýtist ekki Þjóðkirkjunni í dag. Framkvæmdastjóri lagði til að afmörkuð yrði lóð umhverfis íbúðarhús jarðarinnar og að það yrði síðan selt. Samþykkt var að leggja fram tillögu á kirkjupingi um heimild til sölu skv. framanskráðu. Leitað verður heimildar forsætisnefndar. Áskilinn verður forkaupsréttur Þjóðkirkjunnar að eigninni.

b. Ársreikningur

Lagður verður fram ársreikningur fyrir Þjóðkirkjuna vegna ársins 2024 á næsta fund stjórnar Þjóðkirkjunnar. Fulltrúar frá KPMG munu mæta á fundinn og ræða um innri endurskoðun.

c. Málefni Skálholts

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu Skálholts í stjórnkerfi kirkjunnar og kynnti lykiltölur rekstrar. Skálholtsstaður er á forræði kirkjupings. Stjórn Þjóðkirkjunnar stýrir fasteignamálum Skálholts þ.m.t. viðhaldi fasteigna þar. Stjórn Skálholts stýrir innra starfi staðarins og daglegum rekstri. Biskup, formaður stjórnar og framkvæmdastjóri munu ræða málefni Skálholts ásamt vígslubiskupi.

#### d. Stefnumiðuð fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að stefnumiðaðri fjárhagsáætlun. Þannig móti kirkjuping heildarsýn og helstu áhersluatriði sem verði áherslumál í komandi áætlun. Í stað tillagna um einstök og afmörkuð útgjöld. Ræða þarf við forseta kirkjupings um þessi mál almennt.

#### 5. Kostnaður við kirkjuping

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að tiltekinn kostnaður, einkum vegna launa hefði verið ranglega gjaldfærður á lið kirkjupings. Það hefur verið leiðrétt. Raunkostnaður vegna kirkjupings er nú um 70 millj. kr. á ári en ekki 106 millj. kr. eins og kynnt hafði verið.

#### 6. Önnur mál

Rætt var stuttlega um stöðu mála hvað varðar Reykholtssstað í Borgarfirði.

Næsti fundur (aukafundur) var ákveðinn 6. mars 2025 kl. 15:00. Hann verður haldinn í húsnæði Þjóðkirkjunnar að Tjarnargötu 4, Reykjavík. Þá verður kynning á nýjum vef og ársreikningur 2024 lagður fram. Endurskoðendur Þjóðkirkjunnar og fjárhagsnefnd kirkjupings munu mæta á fundinn. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:48.